**Goþrún dimmblá skráir**
**mál litlu kjaftforu völvu**

# Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

## 5.

ISBN 978-9935-409-04-1

# á Iðavöllum
# tefla teitir í túni

## unz koma þursamegir III

Göia goði, Óðsmál,
http://www.mmedia.is/odsmal
freyjukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is




Norræn menning
****************************************
+354 694 1264;  +354 552 8080




dívasa, divyadjana daivyadjan

# Tívar tefla í túni
# teitir á Iðavöllum
# unz koma þursamegir III

*-Heilir tívar,*
*heilir þursamegir þrír.*
*Hver eru sjöt tíva?,*
*Hvert er yfirráðasvæði þursamaga þriggja?*
*Heitið þið þrír Gunni, Gunni og Gunni?*
*(3., þríeindir)*

(sjá og 14.skræðu um tíva; svinnur vínValföður Gungnir Glaðheimar)

मन्त्रब्रह्मण्योर्वेदनामधेयम् mantrabrahmañyorvedanaamadheyam

-Milli orða vedanna, á hinu óskapaða sviði tilverunnar, er gapið sem allt skapað er úr.

naama-dheya (tvítala) नामधेय nafn gefið, eitt hugtak í tvítölu
(naamadheya þýðir á veraldlegu sviði nafngiftarathöfn.)

naamarúúpa नामरूप nafn og lögun

Þetta hið óskapaða svið er heimur sem ætíð er og ætíð verður.

Hér dvelja tívar sem hvetja sköpun innan ginnungagaps.
Tívsjöt.

vishve devaa विश्वे देवास्

Hér bullar leirhver upphafsins.
Hér á askur Yggdrasils rætur, en manngi veit af hvers rótum renn, fyrr en maðurinn verður sjáandi (18., Sága).

drösull skylt दश् drís, sjá, pasyanti पश्यन्ति

eða drasill drösull af त्रस trasa, það sem hreyfist (/=ekki kyrrstætt).

Hér nema menn frævast og fróðir vera og vaxa og vel hafast.
Orðs sér af orði orðs leita, verk sér af verki verks leita.
Heyrið devata, tíva, í orðum vedanna, sem úr gapinu fæðast.

Mismunadi devata, tívar, breyta orðum vedanna í gapinu milli orðanna.

Rúnir, fimbulrúnir, tíva leyndarmál, eru milli orðanna í vedu, þ.e. á hinu óskapaða sviði.

Flæðið, vín Valföðurs, breytir orði í orð. (14.)
Hér tefla tívar.

teitur díívídí दीविदि bjartur skínandi tær týr tír

Tæknin, samsviðstæknin, er til að vekja og örva tíva,
en það er ekki gert á sviði Gunnanna þriggja, aðeins í tívatúni,
sem er auðvelt mönnum.

Milljónir manna gera það nú um allan heiminn okkar.

प्रत्यवायो न विद्यते pratyavaayó na vidyate, enginn hamli, auðvelt og náttúrulegt.

daivi shakti दैवि शक्ति

áhrifin af óendanlegum krafti náttúrulögmálanna til að búa til reglu og halda öllu í reglu

Þetta svið er allir möguleikar,
óendanleikinn,
inniheldur allt sem lífið spannar.

Það er óskapað.
Það er grundvöllurinn undir öllu sem skapað er.
Það er raunveran, grundvallarraunveruleikinn,
samsvið allra náttúrulögmála, ginnungagap.

Hér dvelja tívar, devata, deva.
Þeir tefla og eru teitir.
Þetta eru Gaðheimar, sem einnig þýðir víðáttan in gleiðasta.
(glaður, gleiður, gleði, gleikkun)

Hérna á hugur manns með réttu heima.

रिचो अ क्षरे परमे व्योमन् richo A kshare parame vyoman

यस्मिन्देव अधि विश्वे निशेदुः yasmin deva adhi vishve nisheduh

यस्तन्न वेद किमृचा करिष्यति ? yastanna veda kim richa karishyati?

य इत्तद्विदुस्त इमे समासते ya it tad vidú, ta ime samasate

Innan eindarinnar, þar sem tívar dvelja, hverfist hljóðið A (ritsjó A).
Þeir menn, sem þetta svið tilverunnar þekkja, skilja,
en
þeir sem ekki þekkja það skilja ekki,
endurtekið (sjá Ægi, 2., ofl.)

Richa (ritsch), hljóð vedanna í hinu eilífa sem er óskapað, dvelja hér,
þau skapa náttúrulögmálin, í tívatúni,
sem maharishi nefnir stjórnarskrá alheims.

Þeir menn, sem ekki þekkja þetta svið af eigin raun
en sjá þessa lýsingu á því,
líta á þetta sem „hugtak" sem verið sé að útskýra.

En það er ekki hugtak þeim sem þetta svið þekkja af eigin raun.

Við erum það.
Við skoðum það ekki utanfrá,
við gerum rannsóknir innan þess.

Þetta svið er sjálfu sér nógt, vísar ætíð til sjálfs sín
(3., ÓðinnViliVéi),
er eilífðin, er grundvallarraunveran, er vitund, tær vitund,
alheimsvitund.




Veröld í sjálfu sér, veröld sem er eilífðin.
Veröld sem spannar allt líf í öllum þess breytileika,
veröld allra hugsanlegra möguleika.
Upphaf alls skapaðs, endir alls skapaðs.

Grunnurinn undir öllu sem er, sköpuðu og ósköpuðu.

Deva eru einnig í hinu skapaða efni.
Mennirnir vita kannski ekki af þeim,
en á hverju andartaki lífsins eru þeir í snertingu við þá.
Þegar mennirnir hreyfa augun eru þeir á sviði devanna í sköpuninni.

Teitir eru, teitur díívídí दीविदि bjartur skínandi tær týr tír

Tún, δυναμις, tún á fornírsku dún kastali, gall-dúnum,
tefla, keppa við, berjast um(e-ð), lat tabula.

## Tívar tefla í túni, unz koma þursamegir III

Litla völva fremur valkyrju og kemst í dhyaana ध्यान
/dá/deyja/dvína, sóast, sóask, sóa sér um stund í alheimsvitund.

Til þess að skilja svör frá guðunum þarf að sóast,
fórna einstaklingsvitund í alheimsvitun með því að fremja sína valkyrju.

Aðeins maður á fíngerðum sviðum hugans skilur hið guðlega.






Menn sem eigi tengjast uppruna
sínum, hlaða inn streitu (31.)

Raunar ekki spurning um áskapað gáfnafar,
frekar um tærleika taugakerfisins.

Hugsanir manna á sviði veraldlegra hugsana þurfa að hafa grunn í uppruna hugsana. Svið hugsana er dýpra en yfirborðið.

Menn þurfa að ná því að lifa ginnungagap, því menn eru það.
Hugsun kemur úr djúpinu.







(37., vitundarþroskamenntun)

Á hinu dýpsta sviði tilverunnar er hið óskapaða,
en þar er kveikjan að hinum skapaða alheimi.
Einnig hugsunar  --  sem er, einsog annað hér í heimi, hið skapaða.

Að sóa jafnvel fíngerðustu hugsun manns
er tilgangurinn með hinni auðveldu samsviðstækni, TM.

*-Hví öll þessi nöfn á ásum, Óðinn:  æsir, goð, guð, tívar, rögn, regin, rán*
*höft og bönd, vanir og fleiri slík.*
*Segið mér, tívar, hvað goðin gera.*
*Hvernir tefla guðin í túni?*

-Tún er samstofna δυναμις (gríska dýnamis, kraftur).

ksetra क्षेत्र setur, aðsetur, svið, völlur, sjöt.

Hér er átt við völlinn mikla, samsvið náttúrulögmálanna,

hverra forsetar guðin eru.

Eitt guðið heitir meira að segja Forseti. Er í Glitni
(steingeit, 10.merki dýrahrings, skv. Einari Pálssyni er hann rýnir í Grímnismál);    rúnir: týr bjarkan






Glit merkir rjóður í skógarþykkni þar sem sólin nær að skína.
Steingeit er ekki í skógarþykkni heldur í klettum fjalla.

Notuð eru orð sem eru um fyrirbæri í skapaðri veröld til þess að útsýra hið óskapaða svið.
Persónugervingar hafa þannig tvær merkingar, tvö svið merkingar,
eina sem við þekkjum öll úr veröld,
aðra um það sem verið er að reyna að kenna mönnunum.
Hlutlægt og huglægt.

Hver ein af þessum 40 hljóðaljóðum er sem lækjarhjal, lækjarniður, er um hið sama.
Hver einasta segir frá öllu,
allri heildinni.

Mörg nöfn, margskonar útskýringar, en allt um eitt og hið sama.
Hver og ein skræða er um ginnungagap og hvernig allt verður til úr því.

Lækurinn er einn, en ótal dropar og ótal hljóð í fossum, í lygnu, í frosti, á flúðum.
Hljóðaljóð og lækjarhjal er þetta.
Hlustið.

Guðin eru himnesk.
Æsir eru innan hins mikla svinns.
Mörg nöfn og mörg guð en allt í senn eindin mikla, gap ginnunga, Ægir.

Og guðin eru einnig kraftar í skapaðri verslunni.

एकंसद्विप्र बहुधा वदन्ति ekam sad vipra bahudhaa vadanti

Einn er sannleikurinn, en hinir vitru nefna hann mörgum nöfnum.

Tívar er af deva देव, devata deva.

deva nafnorð er guð, deva lýsingarorð er himneskur.

Samt gæti deva verið notað sem demon eða ill vera,
og þannig tívar gerðir að djöflum.
En það er aðeins í þeim tilgangi að sverta menningararfinn í hugum manna.

Tívar eru himneskir, og gefa frá sér kraft.

Eru kraftar  í samsviði allra náttúrulögmála.
Kraftar sem valda flæðinu mikla,
hefja það,
viðhalda því í ákveðinni röð og reglu í veröld,
stöðva það.
Þeir finnast í öllu sem er.

Madhucchandas, mjöður, flæði, vín Valföðurs, devataa eiginleiki, hunangsmjöðurinn. Vili í sköpunarferlinu.

मधु madhú madhú-tsjandas मधुचन्दस्

Þetta er veröld tíva sem eru kraftar og viðhalda kröftum innan kyrðarinnar,
og í ókyrrð veraldarinnar.

Hugsun verður að veruleika.
Vitund verður að alheimi.
Það er sköpun.

En vitund er kyrrð sem ekkert fær haggað.

Þó er hún orku hlaðin og ætíð á hreyfingu innan sjálfrar sín.
Iðandi Iðavellir.

Túnið mikla breytist ekki þótt tívar gefi frá sér hugsanir sem verða að efni og orku.
Guðin tefla bara í túni og eru teit.

Strengjahljóðfærið breytist ekki þótt spilað sé á það,
tónarnir flæða frá strengjunum, en strengirnir eru áfram strengirnir.
Einhver spilar.
Hver spilar?
Skaparinn. Brahma.
Hann leikur á hljóðfærið mikla,
Gungnir verður til og verður ómandi veröld, ymjandi alheimur.
Ómi, Ymir.

Þetta er sköpun veraldar, síendurtekin, ævarandi, síbreytileg, og möguleikarnir óendanlegir.

Aðeins jákvætt og rétt kemur héðan,
aðeins það sem styður framþróun og fegurð lífsins.
Hér er engin neikvæðni til.

Ekkert er ómögulegt ef það kemur frá þessu túni
(krafti δυναμις sem veröld er úr sköpuð).

Þetta er setur, völlur, dharmaksetra धर्मक्षेत्र allra möguleika.

Raunveran
grundvallarraunveruleikinn
samsvið allra náttúrulögmála

ginnungagap
vitund
svinnur
tao.

ekam sad einn er sannleikurinn, vitringar kalla hann mörgum nöfnum.

ekamevaadvítíiyam एकमेवाद्वितीयम् einn, eind, enginn annar.




Sköpun verður í falli atkvæða vedunnar,
sköpun verður úr ginnungagapi milli atkvæðanna.

Atkvæðið A fellur úr fyllingu sinni (ksara af A).
Það er á því sviði sem ekki er hin skapaða veröld heldur grunnurinn undir henni.
Á þessu sviði er vísur vedanna.
Bil, sandhi, milli atkvæðanna, eru gapið mikla sem allt er úr.
Það er mjöðurinn sem Billings mær býr yfir.

Þetta svið, ginnungagap, vísar aðeins til sjálfs sín,
þarf ekkert utanaðkomandi,
er hið fullkomna.

Hér fyrirfinnast, dvelja, búa, allir tívar (deva).
Þeir eru kraftar hins skapandi svinns, lögmála náttúrunnar,
-- sem eru orsök og undirrót allrar hinnar sköpuðu náttúru,
veraldarinnar, alheimsins.

Hér er allt snurðulaust, allt í reglu og samræmi, í flæði þróunar,
-- sem er tilgangur sívíkkandi alheimsins okkar.

Enginn veit af hvers rótum rennur mjötviður mær.

yas ta na veda, þeim sem ekki þekkir þetta svið tilverunnar
kim richa karishyati? hvað segja orðin honum?
hvað merkja orðin í hans huga? Hann tekur þetta sem abstrakt hugtak.

ya it tad vidus, sá sem þetta svið tilverunnar þekkir af eigin reynzlu,
sá sem hefur vitund sína (mannlega einstaksingsvitund) opna gagnvart
þessu sviði, alheimsvitund, raunverunni, sóast í eind (25., 27.,)

ta ime samasate, hann er í heild lífsins, hann hefur hið veraldlega
og
grunninn undir allt innan sín sjálfs.
Skilninginn og sköpun.

Nýsta ek niður, segir inn Hávi, féll ek aftur þaðan.
Og það geta allir menn lært -- allir geta lært tækni sem virkar
til að ausa fimbulrúnum inn í sitt jarðlíf.






rún gúhya (/leyndarmál), týr deva
En þetta er ekki til í veraldarvafstrinu,



ekki til úti í apóteki,
næst aðeins með því að fremja valkyrju, sóast iðla,



ausa upp fimbulrúnum.

*-Þetta er fagurt.*
*Byrjar allt vesenið þegar eiginleikar náttúrunnar þrír mæta á svæðið?*

 *Sattva-, Radjas- og Tamah-Gunnar þrír, þursamegir,   eða III þursameyjarinnar eiginleikar?*

-Triguna koma mjög snemma á sköpunarferlinu. Þeir mæta á svæðið á undan hinni sköpuðu móður náttúru, og eru eiginleikar hennar óaðskiljanlegir henni.

Sattva-Gunni sanni, Radja-Gunni æsti, Tamas-Gunni hægi,
þrír eiginleikar hinnar ámáttku móður náttúru.
Þeir eru ámáttkir mjök á veraldarsviðinu.
Raunar stjórna þeir öllu hér í henni verslu.

Tívar tefla í túni og teitir eru, þar til heimsleikurinn hefst.
Gunnadansinn mikli.
Eiginleikar náttúrunnar fæðast á undan henni,
en mannleg vitund er ekki Vígríðarslétta skapaðar veraldar.

Tívar eru einnig í öllu hinu skapaða. Fíngerðir og ofurkraftmiklir.
Allt í heimi hefur sína deva.

Óðinn Vili og Véi eru á sviði náttúrulögmálanna,
en þrír þursapeyjar sýna mátt sinn í veraldardansinum.

Til allra heilla aðeins í veröld !!

Samsviðið, vitund á hreyfingu, og Óðinn Vili Véi eru í sífelldu hröðu ferli.
(Sjá 3 um þríeindir.)
Samsviðið er orkuþrungin kyrrð á hreyfingu,
vitund á hreyfingu.

*-Hver upphefur flæði tívanna og viðheldur því, beinir því í ákveðanar áttir, og stoppar þetta flæði?  Er það hinn óendanlegi eilífi svinnur?.*

-Tívar eru kraftar. Þeir flæða úr einu í annað innan hins eilífa svinns.
Þeir eru einsog uppsprettur og hverir sem koma úr þessari greind,
þessum alfullkomnu vitsmunum,
þessari fullkomnu þekkingu,
þessu fullkomna skipulagi sem alls staðar er.

Hér er veröld tívanna, devata. Þeir eru kraftar og hvatar sem viðhalda krafti, túni, δυναμις orku.
Það er þeirra teiti og tafl innan kyrrðarinnar miklu.

Og þeir spila einnig inní í því sem skapað er. Eru í öllu sem skapað er.

*-Kyrrðin orkuhlaðna, er hún hin eiginlegu við?  Við mennirnir?*
*Erum við í raun þessi vitund á hreyfingu?*

-Rétt er það, litla snjalla völva.

Maður í kroppnum sínum, lifandi maður, einstaklingsvitund í kroppnum sínum gangandi um á jörðu, er í raun ginnungagap.
Iðandi vitund, svo menn eru Iðavellir sjálfir.

Það er hið eina raunverulega. Raunveran. Grundvallarraunveruleikinn.

Menn verða að losna við Gunnana þrjá með því að fórna einstaklingsvitund í alheimsvitund um hríð.



far ei svá óðla,
segir þokulúðurinn Tami, Þám.
Gunnarnir eiga það til að gera allt snarvitlaust, og slíkt er nú eiginlega rosalega þreytandi mannlíf til lengdar  --  eða í hið endalausa.

Til að losna við Gunnana verða menn að sóast,
sóa einstaklingsvitund í ginnungagap.
Fremja sína valkyrju.
  finna sælu Sólar, gyðju uppljómunar.
(17.)

Ausa sig hvítaauri fimbulrúna.

Fimbulrúnir eru leyndarmál tívanna í gapinu milli orðanna
sem aðeins Heimdallur heyrir -- og þeir sem náð hafa þeim tærleik.

Gunnarnir, trígúna त्रिगुण, eru eiginleikar náttúrunnar III
og eru alltaf allir þrír til staðar alls staðar og í öllu í náttúrunni.
Allt í heimi hefur eiginleika þeirra, aðeins í mismiklum mæli.

Hinnar ámáttku eiginleikar þrír stjórna öllu í heimi. Öllu.

Eindin er eiginleikalaus, þótt allt sé úr henni komið.

*-Þessir þursamegir þrír ámáttkir mjök,*
*eiginleikar móður náttúru ámáttkrar mjök,*
*finnast semsagt í öllum sköpuðum hlutum(!)?*

Ekkert í heimi er án þeirra þriggja
Satt-Gunna, Rassíu-Gunna, Tamalata-Gunna.
Ekkert.

Náttúran, prakriti प्रकृति er hin kvengerða skapaða veröld og sköpun.
Gyðjurnar og sköpunin haldast æ í hendur.
Þær eru hinn guðlegi sköpunarkraftur. (18., 20.)

Tívatún, völlurinn mikli sem allt verður til úr, er innan kyrrðarinnar miklu,
er hún.

Kyrrðin mikla orkuhlaðna er purusha पुरुष

Sköpun náttúru prakríti प्रकृति er úr para(æðri)prakríti. परप्रकृति

Alheimsvitund, möguleikar alls, er eiginleikalaus eind.
Aðeins möguleikar alls. Óendanlegir möguleikar sköpunar.

Hér eru engar andstæður, né heldur neitt tvíeðli.


heitt kalt

Dvítyat vai bhayam bhavati द्वितीयाद्वै भयं भवति

Tvíeðli er ætíð orsök óttans.





hægt að treysta???

vondur góður

(þetta hvíta neðs táknar altært ginnungagapið)

Þess vegna losa inir vitru menn sig við Gunnana og tvíveðrung veraldar.

nístraigúñyo bhav निस्त्रैगुण्यो भव् vertu Gunnalaus.

Á hleifi mig né sældu né hornigi er ek hékk nætur allar 9, nam upp fimbulrúnir, segir inn Hávi í rúnatali Hávamála (138.v.o.áfr.).
Engar líkamlegar þarfir, enginn tími, aðeins orka, kraftur,

-- sem er óteljandi sinnum meiri en allir heims kraftar til samans.

nivartadhvam निवर्तध्वम् nýsa skaltu niður, sóast.






úr samsviði koma allir kraftar,
vitund mannanna er alheimsvitund.

Tvíveðrungur og andstæður eru á sviði Gunnanna þriggja í veröld.
Hér ráða þeir öllu.
Eina leiðin fyrir menn til að stjórna er að sóast í tívatún,
losa sig þannig úr yfirráðasvæði hinna þriggja eiginleika móður náttúru.
nis trai gúñyo bhav

Um leið öðlast menn fingerða tilfinningu fyrir tívum í hinum skapaða heimi.

Sat-gúna, radja-gúna, tamah-gúna,   (trígúna er hgk et.í sanskrít; pakki!)
hinn sanni Gunni/ satt, eiginleikinn í þróunarátt,
rassakasta Gunni/ hinn framkvæmdaglaði/-óði eiginleiki
og tami lati Gunni/ hægi varkári seinkandi eiginleikinn.

Einnig sem svona þrennt sem eiginleikar:
gæðablóð - ástríða - myrkur
dyggð - hroðafengni (sviksemi) - ósvinna,
sannleikur - framkvæmdagleði - íhald (varkárni, dragbítur)

gúña गुण (kk et. í sanskrít) þýðir eiginleiki, einn þráður/þáttur (og ýmislegt fleira)
(Sjá þríeindir í 3ju skræðu um Gunnana.)
Menn geta, einsog við vitum, haft bland af þessum eiginleikum.
Það er hluti af óvissu veraldar.

Gunnarnir verða til mjög snemma á sköpunarferlinu.

Raunar koma Gunnarnir þrír (sattva radjas tamas) á undan hinu skapaða efni.

Náttúran verður til áður en efnið, sem við sjáum, verður til.

Rétt einsog hugsun verður til á undan kroppnum okkar.

Þróunin í verslu er svo í höndum trígúna, Gunnanna!
Dansinn mikla þarf hver maður að skilja.

Einhver gæti spurt: Hvað er þróun?
Þróun er sköpun og framfarir.
Forsenda þessa er framkvæmdir.
Ekkert gerist án hugsunar og framkvæmda.
Svið Gunnanna er þetta.
Stöðnun er ekki góð.
Gunnarnir í kyrrstöðu og aðgerðaleysi er aðgerðarleysi.

Framkvæmd þarf radjógúna, til þess að koma með kveikjuna að framkvæmdum, því hann er svo ástríðurfullur

einnig áhrifagjarn;
framkvæmir annað hvort fyrir Sanna eða Dimmatama,



því Satógúna og Tamógúna beina framkvæmdum á einhverja braut.

Sanni-Gunni beinir nýsköpuninni uppávið í þróunarátt.
Tami-Gunni heldur þeim sem mest hann má á gamla stiginu svo byggt verði á því gamla og allt ígrundað og óðagotslaust.

Þegar Tami verður of þungur vill hann bara helzt engar breytingar svo jaðrar við stöðnunaráformum.

Tamógúna er eiginleikinn sem er þeirrar náttúru að fara varlega í hlutina, halda í hið gamla. Hann er alltaf með í ráðum, jafnvel þótt uppsveifla sé í bígerð. Hæfileg íhaldssemi til að rasa ekki um ráð fram.

Gunnarnir þrír eru alltaf þrír saman.
Ekki alltaf í jafnvægi, því það myndast sog eða tómarúm milli þeirra á stundum. Þannig eru þeir á hreyfingu.

Hugsum okkur framþróunina í skrefum, vitandi að hvert skref þarf kraft eða afl til að vera tekið.
Sama hve smátt skref er, alltaf þarf orku til að viðhalda því, og svo þarf viðbótar kraft til að þróa það yfir í næsta skref.

Satógúna er krafturinn sem þróar yfir í næsta skref. Framfarasinnaður.

Tamógúna sér til að gamla stigið myndi góðan grundvöll undir hið næsta og að ekki sé rasað um ráð fram. Það þarf oftast að tamma hann svolítið til til að fá hann til að hreyfa sig og láta af stöðnunartilhneygingunni sinni.

Mennirnir taka þátt í þessu alla sína ævi.

Mikill léttir að hnýsast niður um stund hvern dag.

-*Dönsum við með í hinum villta dansi meðan við dveljum á sviði hugsana? Er eina ráðið, til að losna úr dansinum dunandi, að sóast -- fara á það svið tilverunnar, tívatún, hvar engin mannleg hugsun er?*

-Mikið rétt, ljúfa skilningsríka völva.

Tefla í túni teitir eru.

Mjög einfalt er, ef maðurinn kann til þess samsviðstæknina.

Maðurinn fremur þannig sína valkyrju, sóast,
--- og ægikraftar túnsins endurnæra manninn.

Gefa fimbulrúnir og galdra góða og stinna stafi.

Með iðkun og ástundun (sjá Iðunni og Braga í 31.skræðu) læra allir að tefla sem guðin í túni.
Menn nema upp og læra fimbulrúnir,
öðlast hæfileika til að taka ekki Gunnadansinn mikla inná sig.
Stjórna honum í þróunarátt.

Mennirnir verða ósigrandi þegar hugsun þeirra stjórnar frá þessu sviði, samsviðinu. Maharishi-áhrifin, Meissner-áhrifin (16., 38.)

raashtriiya kavach राश्ट्रीय कवच् konungleg brynja, sem er ekki úr málmi,

heldur þekkinging á ginnungagapi og þekkingin á hvernig á að vinna útfrá því
Þettar eru brynjurnar í Valhöll.

9 galdrar góðir og ljóðin, vizka Gróu,
allt það verður tiltækt í lífinu.

Maður lifir í sínum blessuðum búk
-- sem hann á sér í hverju sínu jarðlífi --
í kroppnum dýrmæta sem hver og einn býr sér til á hverri sinni ævi,
allt frá getnaði til grafar.
Mennirnir eru alla ævi frá getnaði til grafar að skapa kroppinn sinn.
Hann er síbreytilegur einsog allt annað skapað,
og hver maður skapar sinn.

*-Við getum rannsakað náttúruna og öll fyrirbæri hennar vegna þess að hún hefur eiginleika?*

-Já, en túnið tíva, guðasjöt, er hins vegar eiginleikalaust í þeim skilningi, og aðeins ein leið er til til að rannsaka það:

dá dhyaana dvínun ध्यान -- Glaðheimar, veizla at Ægis.

yastannaveda sá sem ekki þekkir þetta svið, skilur ekki,

tiitadvidus  sá sem þekkir þetta svið, skilur,
þetta svið yasmin deva adhivishva niseduh hvar alheims tívar dvelja.



grundvallarraunveruleikinn er
það svið sem mannshugurinn er úr kominn,
enginn getur borið á móti því að hér eru tærir vitsmunir á ferðinni.


meðbyr,  --  velgengni án fyrirhafnar,
stuðningur náttúrunnar (36.) í einu og öllu,
líf í Þundarflæði (28.),
fimbulrúnir úr ginnungagapi upp numdar, kunna galdra góða og ljóðin,

jafnvel hægt að losna við Urði Verðandi Skuldu með öflugri valkyrju:

Á einu saman fleyi þekkingarinnar tærrar geta allir menn siglt yfir syndir allar.
Og þetta er raunar eina ráðið til þess.

Vandmálin hverfa því þau eru tilbúningur.  (Þór, 1.)

Það er þetta sem Syn, gyðjan okkar, kennir okkur. (6.)
Við þurfum að losna við grugg og streitu (31.)  Verða altær.

(Syn 6.; Ullur, bál þekkingar, 4.)

Ef menn kunna tæknina TM, og framhaldstæknina TM-sidhi®, til að gera sig fullkomna og altæra (sjá 31.).......

siddhi सिद्धि fullkomið, hefur vald á öllu, skapar með ósk einni saman

.......fá þeir reynzlu af ferð hugans innávið.

Yndisleg reynzla sem leiðir til sóunar yfirborðshugsana,
leiðir yfir í dýpstu svið hugans og inn í Glaðheima tívatúns.
Þar er mannleg einstaklingsvitund eigi. Aðeins alheimsvitund,
en mannleg einstaklingsvitund er alheimsvitund.

Við þetta verður hugurinn tærari, vígist, verður hæfari til að nema og skynja á fíngerðustu sviðum lífsins.

Þarna verða menn sjáandi. drís दृश्, Sága (18.), Yggdrasill,

Menn munu sjá hvaða hugsun er sönn og vænleg til að styðja þróun í góða átt,

menn sjá einnig hvaða slæm hugsun er að dúkka upp,
og hún kemst ekki lengra, -- verður aldrei að hugsun, raunar,

menn sjá gæði hugsana sem eru að fæðast í kollinum á þeim
á fyrstu stigum hennar.


yfirborðshugsun, djúp hugsun

Hugsanir ýmist hafa gæði eða eru eyðileggjandi í tilgangi sínum.

Hér er um að ræða hugsanir og gjörðir manna í alheims samhengi, ekki smámunalegt eiginhagsmunadekur.

Einherji lifir fyrir framþróun alla.
Hans ævi er lifað fyrir aðra og fyrir Þundu og fyrir alheimsmarkmiðið.

Vítahringur gjörða og áhrifa af þeim er rofinn með báli þekkingar.
Einherji er ekki í viðjum gjörða.

Hann er Siddhartha, Síðhöttur, (29.) sá sem hefur fullkomnun að markmiði lífs síns.

siddhi सिद्धि fullkomnun,

siddhartha सिद्धर्थ Síðhöttur, hefur fullkomnun að markmiði.

Í tívatúni er flæði, orðs mér af orði orðs leita.

Það flæði er lifað á hvers manns eigin stigi vitundar.

Einhver kann að spyrja: Hvað finnum við þarna fyrir?
Svarið er: tíva, devata, sem leiða orð af orði í tívatúni, Glaðheimum.
Menn finna leyndarmál tíva, leyndarmál orða vedanna, sem er í gapinu milli þeirra.

Ginnungagap er það sem menn finna.
Þá finna þeir sjálfa sig.

Óðinn fer að finna Óðin opt,    Óðinn sigrast,





far að finna opt, Óðinn heimsækir Óðin (ég heimsæki mig),
Óðinn sigrar Óðin, einstaklingsvitund sigrar alheimsvitund, og alheimsvitund sigrar einstaklingsvitund. Hinn eini góði sigur manns.

ek!! 

þá kemur í ljós að ég er ég.
ég hef fundið sjálfan mig. Vitund er ein. Ég er hún.

 hæ, Sorry að ég trufla
hér ætla ég að fá að skjóta inní um vítahringinn á ensku,
hafi ég ekki gert það nógu kyrfilega í skræðu 4
Impressions leave a mark, that becomes the seed and fuel for future desires, which correlates with and fuels new ideas, that we carry out not knowing that we are under the sway and influence of impesssions from past doings/deeds.

All this is in the sphere of þursamegir III ámáttkrar mjök, (3 thurs-sons of the higly-powerful one, i.e. 3 guna (qualities) of Mother Nature.

In the sphere of Tívar, in the sphere of life beyond human thoughts and individual consciousness, they (tívar, deva) play happily in tún/dynamism.

By the raft of knowledge alone we can pass over all sins, and that is what our beloved goddess Syn (6) stands for; she denies and refuses all impurities allowing only for satt/sattva;
Syn is satt/sattva (Truth) and synþ/Sin in combination indicating her importance as a "sieve" for impurities. (Syn is explained in chatter 6)

(ég er svo upptekinn af að hafa alltaf síðasta orðið ef ég mögulega get; auglýsingabrella. Alltaf vera að minna á sig.)

***********  **************

ISBN 978-9935-409-04-1

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शन्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.
Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.
Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्नमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega.
Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-, auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रम्हस्मि aham brahmasmi.
Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.
Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi.
Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði.
Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.
Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi.
Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs.
Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnsdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.
Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.
Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



.

Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð  Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir

*****

.